

# LÖG

## um áhugamannahnefaleika.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimil er keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna áhugamannahnefaleika.

2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.

3. gr.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um áhugamannahnefaleika. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 2002.*

**Davíð Oddsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**  

---

*Björn Bjarnason.*